



Fundargerð hreppsnefndar 12. desember 2014

Fundur

Fundur nr.11 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps föstudaginn 12. desember 2014 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 12:00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Bárður Jónasson, Víglundur Páll Einarsson og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps:

a) Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps 2015-2018 lögð fram til síðari umræðu.

Fyrir fundinum lá þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta. Áætlunin var tekin til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar 20. nóvember sl. og var þá vísað til síðari umræðu í hreppsnefnd. Sveitarstjóri fór yfir lykiltölur í rekstri sveitarfélagsins fyrir árið 2015.

Oddviti bar upp til samþykktar fjárhagsáætlun 2015, samþykkt samhljóða.

Gerði sveitarstjóri síðan nánari grein fyrir helstu forsendum áætlunarinnar 2015-2018 og þeim markmiðssetningum sem fram eru settar í henni.

Fjárhagsáætlunin borin upp til samþykktar, samhljóða samþykkt.

2. Fundargerðir:

a) Fundargerð landbúnaðarnefndar, dags. 19. nóvember 2014

Fram fór umræða um lið 1. í fundargerð er varðar er varðar heimild til útleigu á gangnamannakofa við Arnarvatn.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ræða við hlutaðeigandi aðila. Eins samþykkt samhljóða að sveitarstjóri vinni að framgangi 2. liðs fundargerðar.

b) Fundargerð stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands, dags. 1. desember 2014

Lagt fram til kynningar.

c) Fundargerð hafnarnefndar, dags. 2. desember 2014

Fram fór umræða um c-lið undir önnur mál og var samþykkt að hafnarstjóra verði falið að leita frekari upplýsinga um málið. Fundargerðin að öðru leyti samhljóða samþykkt.

d) Fundargerð menningarmálanefndar, dags. 3. desember 2014

Gerð var athugasemd um fundarboð menningarmálanefndar og framlögð var svofelld bókun að beiðni minnihluta:

„Við viljum gera athugasemd við boðanir á fundi. Varamenn eru ekki boðaðir þegar aðalmenn komast ekki á fundi“. Bárður Jónasson, Víglundur Páll Einarsson og Magnús Þór Róbertsson. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með þá athygli sem gerð heimildarmyndar um Vopnafjörð hefur fengið. Fundargerðin að öðru leyti samþykkt.

e) Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar, dags. 4. desember 2014

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

3. Almenn mál:

a) Bréf Vegagerðinni
Lagt fram til kynningar.

b) Byggðakvóti fiskveiðirárið 2014/2015

Oddviti lagði fram hluta fundargerðar atvinnu- og ferðamálanefndar frá 12. desember 2014 og gaf síðan sveitarstjóra orðið. Las hann upp samþykkt nefndarinnar er varðar málefni byggðakvóta fyrir fiskveiðirárið 2014-2015.

Atvinnu- og ferðamálanefnd fjallaði á fundi sínum þann 12. desember 2014 um úthlutunarreglur á byggðakvóta fiskveiðirárið 2014/2015. Nefndin samþykkti á grundvelli reglugerðar nr. 652 frá 4. júlí 2014 að gera tillögu til sveitarstjórnar um úthlutun á 300 þorskígildistonna byggðakvóta fyrir fiskveiðirárið 2014/2015, auk 250 þorskígildistonnum sem ekki náðist að veiða fiskveiðirárið 2013/2014. Tillögurnar fela í sér að byggðakvóta til einstakra fiskiskipa fiskveiðirárið 2014-2015 verði úthlutað með eftirfarandi hætti:

- 35% úthlutaðs byggðakvóta skiptist jafnt milli báta undir 1000 tonnum með heimilisfestu á Vopnafirði og 65% byggðakvótans er skipt hlutfallslega miðað við allan landaðan bolfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðul í þorskígildum talið, sem landað var á Vopnafirði á tímabilinu 1. september 2013 til 31. ágúst 2014.
- Atvinnu- og ferðamálanefnd leggur til að sótt verði um undanþágu á vinnsluskyldu byggðakvóta á Vopnafirði á tímabilinu frá 1. september 2014 til 31. ágúst 2015, enda hefur ekki verið sýnt fram að það með haldbærum rökum að fyrir hendi sé vinnsla á Vopnafirði sem ráði við vinnslu á byggðakvóta Vopnafjarðar kvótaárið 2014/2015. Atvinnu- og ferðamálanefnd telur mikilvægt að vinnslu á bolfiski verði komið í þann farveg að ekki þurfi að koma til þess á fiskveiðarárinu að fiskur sé fluttur frá staðnum óunninn. Þrátt fyrir vinnu sem nefndin hefur lagt á sig til að koma slíkri vinnslu í farveg er ekkert í hendi sem tryggir slíkt. Það eru því eindregin tilmæli fulltrúa í atvinnu- og ferðamálanefnd að hlutaðeigandi aðilar komi af stað fiskverkun sem getur tekið á móti bolfiski til vinnslu á Vopnafirði til næstu framtíðar.

Málið síðan til umræðu.

Minnihluti lagði fram eftirfarandi bókun:

„Við leggjum til að skipting byggðakvóta verði 80% eftir aflareynslu og 20% jafnt á báta“. Bárður Jónasson, Víglundur Páll Einarsson og Magnús Þór Róbertsson.

Sigríður Elva Konráðsdóttir óskaði eftirfarandi bókunar:

„Ég legg til að 28% úthlutaðs byggðakvóta skiptist jafnt á milli báta undir 1000 tonnum“. Bar oddviti upp tillögu minnihluta. Tillagan felld með 4 atkvæðum Eyjólfss Sigurðssonar, Stefáns Gríms Rafnssonar, Sigríðar Elvu Konráðsdóttur og Guðrúnar Hildar Gunnarsdóttur gegn 3 atkvæðum minnihluta, Bárðar Jónassonar, Víglundar Páls Einarssonar og Magnúsar Þórs Róbertssonar.

Oddviti bar síðan upp tillögu Sigríðar Elvu Konráðsdóttur. Tillagan samþykkt með 4 atkvæðum meirihluta, Eyjólfss, Stefáns Gríms, Sigríðar Elvu og Guðrúnar Hildar, gegn 3 atkvæðum minnihluta, Bárðar, Víglundar Páls og Magnúsar Þórs.

Sveitarstjóri bar síðan tillögu með áorðnum breytingum:

Atvinnu- og ferðamálanefnd fjallaði á fundi sínum þann 12. desember 2014 um úthlutunarreglur á byggðakvóta fiskveiðirárið 2014/2015. Nefndin samþykkti á grundvelli reglugerðar nr. 652 frá 4. júlí 2014 að gera tillögu til sveitarstjórnar um úthlutun á 300 þorskígildistonna byggðakvóta fyrir fiskveiðirárið 2014/2015, auk 250 þorskígildistonnum sem ekki náðist að veiða fiskveiðirárið 2013/2014. Tillögurnar fela í sér að byggðakvóta til einstakra fiskiskipa fiskveiðirárið 2014-2015 verði úthlutað með eftirfarandi hætti:

- 28% úthlutaðs byggðakvóta skiptist jafnt milli báta undir 1000 tonnum með heimilisfestu á Vopnafirði og 72% byggðakvótans er skipt hlutfallslega miðað við allan landaðan bolfiskafla í

tegundum sem hafa þorskígildisstuðul í þorskígildum talið, sem landað var á Vopnafirði á tímabilinu 1. september 2013 til 31. ágúst 2014.

- Aflinn sem landaður er skal nema, í þorskígildum talið, jafn miklu magni þess aflamarks sem hlutaðeigandi fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.
- Atvinnu- og ferðamálanefnd leggur til að sótt verði um undanþágu á vinnsluskyldu byggðakvóta á Vopnafirði á tímabilinu frá 1. september 2014 til 31. ágúst 2015, enda hefur ekki verið sýnt fram að það að með haldbærum rökum að fyrir hendi sé vinnsla á Vopnafirði sem ráði við vinnslu á byggðakvóta Vopnafjarðar kvótaárið 2014/2015. Atvinnu- og ferðamálanefnd telur mikilvægt að vinnsla á bolfiski verði komið í þann farveg að ekki þurfi að koma til þess á fiskveiðiarinu að fiskur sé fluttur frá staðnum óunninn. Þrátt fyrir vinnu sem nefndin hefur lagt á sig til að koma slíkri vinnslu í farveg er ekkert í hendi sem tryggir slíkt. Það eru því eindregin tilmæli fulltrúa í atvinnu- og ferðamálanefnd að hlutaðeigandi aðilar komi af stað fiskverkun sem getur tekið á móti bolfiski til vinnslu á Vopnafirði til næstu framtíðar.

Tillagan borin upp með áorðnum breytingum og hún samþykkt með 4 atkvæðum meirihluta, Eyjólf, Stefáns Gríms, Guðrúnar Hildar og Sigríðar Elvu. Hjá sátu Bárður, Víglundur Páll og Magnús Þór.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samhljóða samþykkt. Fundi slitið kl. 13:37.